

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 21. október 2022
Kl. 10-12 á Teams og í Grímsstofu UTN

Mætt:

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Atli Viðar Thorstensen, fulltrúi félagasamtaka – Rauði krossinn á Íslandi, Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Geir Gunnlaugsson, fulltrúi háskólasamfélagsins, Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, fulltrúi félagasamtaka – Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Ragnar Schram, fulltrúi félagasamtaka – SOS barnaþorpum, Stella Samúelsdóttir, fulltrúi félagasamtaka - UN Women á Íslandi, Valmundur Valmundsson, fulltrúi atvinnulífsins - Alþýðusamband Íslands, Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokki og Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni.

Bergþór Ólason, Miðflokki, Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, Jakob Frímann Magnússon, Flokki fólksins, Laufey Birgisdóttir, fulltrúi félagasamtaka - ABC barnahjálpi, Sjöfn Vilhelmsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins - GRÓ-LRT og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins (sátu hluta fundarins): Martin Eyjólfsson, ráðuneytisstjóri og Elín Rósa Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu.

Hluta fundarins sátu að auki: Fulltrúar frá OECD DAC og tveimur jafningjaríkjum Íslands hjá DAC, þau Jonghan Park, Hye Ri Lee, Tomas Bokor, Ivana Ruttkayová, Renwick Irvine, Emily Bosch og Gaia Manselli.

Nefndarritari: Agnes Hauksdóttir.

1. Fundur settur (kl. 10:03)

Formaður bauð fundargesti velkomna, fór yfir dagskrá fundarins og opnaði fundinn. Það láðist að senda út fundargerð síðasta fundar til samþykktar og lét formaður fulltrúa vita af því að fundargerðin yrði send þeim til samþykktar eftir fundinn.

2. Viðræður við fulltrúa Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD/DAC) (10:05-11:00)

Teymi frá Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD/DAC) og tveimur jafningjaríkjum Íslands var stutt á Íslandi til þess að sjá um jafningjarýni á þróunarsamvinnu Íslands. Jafningjarýnin fer að jafnaði fram á fimm ára fresti. Teymið hefur átt margar áhugaverðar samræður við ólíka hagaðila sem allir koma að þróunarsamvinnu Íslands með einum eða öðrum hætti. Gert er ráð fyrir því að rýnin verði tilbúin næsta vor. Teymið vildi því fá að hitta nefndina og bera upp nokkrar spurningar fyrir nefndarfulltrúa. Til að byrja með voru fulltrúar beðnir um að segja frá því hvert þeirra hlutverk væri sem fulltrúar þróunarsamvinnunefndar.

Formaður sagði teyminu frá því að núverandi þróunarsamvinnustefna Íslands væri í gildi frá árinu 2019 til 2023 og að ný þróunarsamvinnustefna yrði lögð fyrir Alþingi á næsta ári. Von formanns er sú að nefndin komi fyrr að borði við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu en áður hefur verið raunin. Flestir fundir eru blanda af málefnum sem ráðuneytið vekur athygli á og málefnum sem nefndin vill ræða.

Fulltrúar sögðust þakklátir fyrir jafningjarýnina og sögðu hana vera mikilvæga við mótun nýrrar þróunarsamvinnustefnu. Nefndu fulltrúar að þeim þætti ekki nógu vel hlustað á nefndina innan ráðuneytisins. Benti fulltrúi á að seta þeirra í nefndinni sé unnin í sjálfboðaliðastarfi og því velti hann fyrir sér hvert þeirra hlutverk sé raunverulega ef ekki sé tekið mark á þeim. Í því samhengi var t.a.m. minnst á óánægju með ferlið þegar að ákvörðun var tekin um að stofna til nýs samstarfslands Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu, Síerra Leóne, fyrr á árinu. Hafi það verið gert án formlegs samráðs við nefndina. Oft hafi mál komið inn á borð nefndarinnar sem þegar hafi verið búið að taka ákvörðun innan ráðuneytisins um að framkvæma. Því hafi málin frekar komið inn á borð nefndarinnar til kynningar fremur en að leitað hafi verið ráða frá þeim.

Nokkrir fulltrúar bentu á að innan nefndarinnar væri fólk með mikla þekkingu og reynslu af þróunarsamvinnu sem ráðuneytið ætti að nýta sér. Innan nefndarinnar séu fulltrúar með mikla og fjölbreytta reynslu af vettvangi. Þá benti fulltrúi Alþingis t.d. á mikilvægi þess að nýta nefndina betur sem samstarfsvettvang þar sem í nefndinni séu fulltrúar allra þingflokka. Fulltrúar töldu þó að þetta væri hægt og rólega að breytast og að ráðuneytið væri nú í auknum mæli að leita ráðgefandi álits frá nefndinni. Þá minntist fulltrúi á að það ríki líka mikil ánægja með bréf sem formaður hefur nú tekið upp á að senda ráðherra að loknum fundum.

Einn fulltrúi vakti athygli á því að í forgrunni þróunarsamvinnustefnu Íslands sé áhersla á að hjálpa þeim allra fátækustu sem og á mannúðaraðstoð. Velti hann fyrir sér hvernig verkefni á sviði fiskimála í Síerra Leóne tengdist þeim áhersluatriðum. Benti hann einnig á að besti árangur Íslands í þróunarsamvinnu hafi fengist í þeim verkefnum sem snúa að jafnrétti kynjanna, réttindum barna sem og heilsutengdum verkefnum. Það sé t.d. hægt að sjá í Malaví. Þá benti annar fulltrúi á að Ísland hafi vissulega mikla þekkingu á sviði fiskimála og jarðhita t.d. en líklegast væri mesta þörfin á þróunaraðstoð þó ekki á þeim sviðum. GRÓ þekkingarmiðstöð væri e.t.v. besta leiðin til þess að deila þeirri þekkingu áfram.

Bentu nokkrir fulltrúar á að í stóra samhenginu sé það fjármagn sem Ísland veitir í þróunarsamvinnu lítið og þurfi því að passa mjög vel hvernig því sé varið. Leggja þurfi aukna áherslu á úttektir og einstaka verkefni tekin út og árangur þeirra skoðaður. Þá velti einn fulltrúi því upp hvort að samstarfsverkefni við atvinnulífið myndi samræmast áherslum Íslands í þróunarsamvinnu nægilega vel. Einn fulltrúi benti þá á að í síðustu jafningjarýni frá DAC hafi Íslandi verið bent á að styrkja tengsl þróunarsamvinnu við atvinnulífið og því samræmist það samstarfsverkefni vel áherslum DAC.

Því næst bað DAC teymið fulltrúa um að segja frá hvernig þau myndu sjá þróunarsamvinnu Íslands fyrir sér eftir 10 ár. Nokkrir fulltrúar bentu á að leggja þyrfti aukna áherslu á verkefni tengd konum og börnum. Þau verkefni væru að sýna langbesta árangurinn og þyrfti að forgangsraða fjármagni sem fer í þróunarsamvinnu eftir því. Þá bentu þau einnig á mikilvægi þess að einblínt sé á fátækustu löndin eins og lagt sé upp með í nágildandi þróunarsamvinnustefnu.

Fulltrúar eru sammála um að Ísland geti verið stolt af árangrinum hingað til en betur megi ef duga skal. Þá sammæltust þau líka flest um að eftir 10 ár ætti Ísland að vera komið á þann stað að 0,7% af vergum þjóðartekjum væri veitt til þróunarsamvinnu. Þá beinti einn fulltrúi á mikilvægi þess að ráðuneytið myndi styrkja eftirlit og úttektir verulega.

Bentu þau á að auka þyrfti stuðning við félagasamtökin því það séu þau sem hafi bestu samböndin á vettvangi. Tengja mætti atvinnulífið betur við félagasamtökin og nýta þau sambönd sem félagasamtökin búa yfir á vettvangi betur.

Fulltrúar bentu á að styrkja þyrfti félagasamtökin betur því þau hefðu góð sambönd á vettvangi. Þannig væri t.d. hægt að senda starfsnema út á vettvang til félagasamtakanna og stækkað ásýnd okkar þar sem Ísland er með tvíhliða þróunarsamvinnu.

Auka þarf vitundavakningu um þróunarsamvinnu bæði hjá almenningi og hjá þingmönnum. Fulltrúar félagasamtaka telja að félagasamtökin séu betur til þess fallin að fræða almenning um þróunarsamvinnu. Þau nefndu t.d. að þau hefðu nýlega fengið styrk frá ráðuneytinu til þess að halda námskeið fyrir þingmenn um þróunarsamvinnu. Námskeiðið átti að halda fyrir í haust en það þurfti að fresta því vegna dræmrar þátttöku þingmanna. Stefnt er að því að halda það í nóvember. Þau vonast eftir betri þátttöku og að fjölbreyttur hópur þingmanna mæti á námskeiðið. Fulltrúar nefndu einnig að þau hefðu óformlega rætt það sín á milli um að auka þyrfti þekkingu fulltrúa nefndarinnar á þróunarsamvinnu og einstökum verkefnum Íslands í þróunarsamvinnu. Vilja þau leggja til að nokkrir fulltrúar færu erlendis að skoða þróunarsamvinnuverkefni Íslands. Þetta sé þó flókið í framkvæmd varðandi fjármögnun og annað en væri mjög gott fyrir starf nefndarinnar.

Ráðuneytið þarf að tryggja það að þar starfi sérfræðingar í þróunarsamvinnu. Vegna eðlis starfsemi ráðuneytisins er óumflýjanlega ákveðið rót á starfsmönnum en fulltrúar bentu á að ráðuneytinu beri að tryggja það að þar starfi sérfræðingar með reynslu og þekkingu af þróunarsamvinnu. Miklar mannabreytingar geri það jafnframt að verkum að erfiðara sé fyrir þau að eiga í samskiptum við ráðuneytið.

3. Skipulagsbreytingar í ráðuneytinu (11:00-11:50)

Formaður sagði frá nýlegum skipulagsbreytingum innan ráðuneytisins en eftir þær breytingar er aftur komin þróunarsamvinnuskristofa. Nýr skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskristofu, Elín Rósa Sigurðardóttir, kom og kynnti sig stuttlega fyrir nefndinni. Hún tók við starfinu 1. október s.l. en býr yfir fjölbreyttri reynslu úr ráðuneytinu og starfaði einnig fyrir Þróunarsamvinnustofnun Íslands á sínum tíma. Þá hefur hún t.a.m. starfað í Mósambík, Noregi og Þýskalandi. Sagði hún frá því að vinna við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu væri ekki hafin en að hún myndi hefjast á næstu vikum. Hún sagðist hlakka til að vinna með nefndinni og að fá þeirra sýn við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu.

Því næst fór Martin Eyjólffsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, yfir skipulagsbreytingarnar og þau áhrif sem þær hafa á nefndina. Skipulagsbreytingarnar voru lengi í undirbúningi en vandað var til verka og voru skipurit annarra ráðuneyta á Íslandi og á norðurlöndunum höfð til hliðsjónar. Breytingarnar voru unnar í opnu ferli að höfðu samráði við starfsfólk og voru þær jafnframt kynntar á starfsmannafundi. Sú breyting sem hefur hvað mestu áhrifin á nefndina er að nú er aftur komin þróunarsamvinnuskristofa. Þegar

Þróunarsamvinnustofnun Íslands sameinaðist ráðuneytinu árið 2016 var þróunarsamvinnuskrifstofa sér skrifstofa innan ráðuneytisins en síðar meir sameinaðist sú skrifstofa alþjóðaskrifstofu og varð að alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu. Mannúðarmál munu heyra undir skrifstofu alþjóðlegrar pólitískrar stefnumótunar en tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu heyrir undir þróunarsamvinnuskrifstofu ásamt umhverfis- og loftlagsmálum. Margir höfðu áhyggjur af samruna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og ráðuneytisins á sínum tíma en Martin nefnir að hans upplifun sé sú að samruninn hafi styrkt málefnasviðin enn frekar.

Ráðuneytisstjóri var spurður að því hvort komið hafi til tals að hafa mannúðaraðstoðina á þróunarsamvinnuskrifstofu. Hann sagði að lagt hafi verið upp með það í byrjun en að lokum ákveðið að hafa mannúðaraðstoðina á skrifstofu alþjóðlegrar pólitískrar stefnumótunar þar sem að mannúðaraðstoðin sé oft nátengd þeim stofnunum og nefndum sem sú skrifstofa vinnur með. Auk þess fylgjast pólitísk málefni og mannúðaraðstoð oft að. Lagði hann áherslu á að mikil og góð samvinna væri á milli skrifstofanna tveggja.

Fulltrúar þökkðu ráðuneytisstjóra fyrir þessa yfirferð. Einn fulltrúi vakti athygli ráðuneytisstjóra á mikilvægi þess að fjölga fólki á vettvangi, ekki bara á skrifstofum sendiráðanna heldur einnig hjá tengdum samstarfsaðilum á vettvangi. Fleiri fulltrúar tóku undir þetta og sögðu reynsluna af vettvangi dýrmæta, bæði fyrir fólkið sjálft og fyrir Ísland. Þá vakti einn fulltrúi athygli á því að fá tækifæri væru til þess að fara á vettvang eins og staðan er núna og benti á mikilvægi þess að tengja þróunarsamvinnu betur við háskólasamfélagið. Benti hann á að dregið hefði úr samstarfi við háskólana en áður fyrr voru fleiri styrkir í boði fyrir nemendur sem höfðu áhuga á að fara á vettvang. Ráðuneytisstjóri þakkaði fyrir þessar ábendingar.

Ráðuneytisstjóri sagði mikinn styrk búa í nefndinni og að hún hefði jafnvel ekki verið nógu vel nýtt af ráðuneytinu hingað til og væri það ráðuneytinu um að kenna en ekki nefndinni. Fulltrúar tóku undir það og nefndu að þeim finnist málin oft hafa verið of langt á veg komin þegar þau eru koma á borð nefndarinnar. Undirstrikuðu þau þá staðreynd að innan nefndarinnar væri að finna fulltrúa með gríðarlega fjölbreytta reynslu og þekkingu af þróunarsamvinnu. Ráðuneytisstjóri sagðist vilja endurvefja kraftinn í nefndinni og þakkaði þeim kærlega fyrir þær ábendingar og hugmyndir sem fram komu.

Nefndarmaður vakti athygli á hugmyndinni um Team Iceland sem rædd var á fundi nefndarinnar fyrr á þessu ári. Hugmyndin er að auka slagkraft Íslands á alþjóðavettvangi hvað varðar þróunarsamvinnu. Stakk hann upp á því að taka þetta skrefinu lengra og að nefndin myndi halda vinnufund þar sem hægt væri að stilla saman strengi auk þess sem hægt væri að vinna að nýjum hugmyndum tengdu þessu.

Formaður þakkaði ráðuneytisstjóra fyrir yfirferðina og sagði það auðheyrt að fulltrúar vildu aukið samtal og samráð við ráðuneytið.

4. Önnur málefni og dagskrá vetrarins 11:50-11:57

Engin önnur mál voru á dagskrá og fór formaður því beint í að ræða dagskrá vetrarins. Rætt hafði verið um að hafa þrjá fasta fundi að hausti og þrjá að vori. Flest voru sammála um að það hafi verið góður bragur á því. Út frá nefndardagskrá Alþingis voru einungis tveir dagar sem komu til greina fyrir næstu tvo fundi, 11. nóvember og 23. desember. Bent var á að einnig væri

möguleiki að funda milli jóla og nýárs. Ákvörðun var tekin um að hafa næsta fund þann 11. nóvember og verður ákvörðun tekin seinna um hvort fundur verði þann 23. desember.

Fulltrúi óskaði eftir því að fulltrúi frá ráðuneytinu kæmi inn á næsta fund og segði frá ferlinu og vinnunni við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu.

Formaður þakkaði fulltrúum fyrir fundinn og góðar umræður.

Fundi lokið kl. 11:57.